

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar vegna stækkunar iðnaðarsvæðis I24 í Reykholti.

Skipulagsstofnun staðfesti 5. janúar 2026 breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 sem samþykkt var í sveitarstjórn 5. nóvember 2025.

Í breytingunni felst að iðnaðarsvæði I24 er stækkað um 0,2 ha yfir svæði fyrir jarðhitavinnslu, þar sem heimilt verður að bora fleiri holur og nýting jarðhita er heimiluð. Stærð svæðisins verður 1,2 ha og verður afmarkað sem fláki í stað punkts. Samhliða minnka ÍB1 og OP5 en stærð OP5 er leiðrétt. Á I24 verður áfram hreinsivirki fyrir fráveitu og heimilt verður að byggja mannvirki sem þarf til að tryggja fullnægjandi fráveitu og nýtingu jarðhita.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 5. janúar 2026.

F.h. forstjóra,
Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 19. janúar 2026